

Umsögn

kjörstjórnar um breytingartillögu frá hluta löggjafarnefndar kirkjuþings við 35. mál kirkjuþings 2024-2025; Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 8/2021-2022.

Beiðni um umsögn barst kjörstjórn 23.1.2026, en áður hafði formanni verið gert viðvart um að slík beiðni væri fyrirhuguð. Kjörstjórn hafði þá þegar ráðgert að halda fyrsta fund þann 2. febrúar nk. vegna kosninga til kirkjuþings sem fara skulu fram vorið 2026, nánar tiltekið á bilinu 1. til 20. maí.

Samkvæmt reglum um kjör til kirkjuþings, nr. 8/2021-2022, skal auglýsa eftir framboðum eigi síðar en 25. febrúar og liggur fyrir að nokkru fyrir þann dag þarf undirbúningsvinnu kjörstjórnar vegna auglýsingar að vera lokið. Til upplýsingar fylgir umsögn þessari vinnuskjal sem sýnir tímalínu sem stuðst var við, við undirbúning og framkvæmd síðustu kosninga til Kirkjuþings árið 2022.

Núverandi kjörstjórn hefur verið að störfum samfleytt frá árinu 2021 og hefur stýrt einum kirkjuþingskosningum, tvennum kosningum vígslubiskupa og síðast kosningu biskups Íslands árið 2024. Af þessum kosningum eru þær fyrstnefndu um margt sérstakar og raunar mun flóknari í tæknilegri framkvæmd en hinar.

Núverandi staða 35. þingmáls virðist vera sú að tvö nefndarálit löggjafarnefndar liggja fyrir og standa fjórir nefndarmenn að hvoru álitu. Níundi nefndarmaður situr hjá. Nefndarálit 2 leggur til nokkrar breytingar á reglum um kjör til kirkjuþings, m.a. um kjördæmaskipan og aukinn rétt yngri frambjóðenda í þremur stærstu kjördæmunum. Nefndarálit 1 leggur til að 35. mál fái ekki framgang á kirkjuþingi.

Kjörstjórn hefur ekki sérstaka skoðun á tillögunum að öðru leyti en því sem snýr að framkvæmd þeirra. Almennt verður þó að telja óheppilegt að breytingar á kosningafyrirkomulagi taki gildi skömmu fyrir kosningar og í raun eftir að kjörstjórn hefur hafið undirbúning sinn. Þá verður að telja að þær breytingar, sem lagðar eru til á reglunum í nefndarálitu 2, yrðu þær samþykktar á kirkjuþingi snemma í febrúar, krefjist nokkurra skoðunar og undirbúnings af hálfu kjörstjórnar og þeirra starfsmanna kirkjunnar sem aðstoða kjörstjórn við undirbúning og framkvæmd, ekki síst er varðar tæknilega þætti. Ætla verður að breytingarnar leiði til nokkuð flóknari útfærslu á fyrirkomulagi kosninganna en verið hefur.

Reykjavík, 27. janúar 2026

f.h. kjörstjórnar

Anna Mjöll Karlsdóttir

formaður